

11

Brjef landshöfðingja til biskups um flutning kirkju. — Eptir að hafa fengið

31. jan. þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 20. þ. m., og þar með fylgjandi skilríki, vil jeg hjer með samkvæmt tillögum yðar í þóknanlegu brjefi, dags. 31. okt. f. á. eptir löglegan undirbúning samkvæmt 12. gr. í lögum nr. 5, 27. febr. 1880 og eptir 4. gr. í lögum nr. 3 frá sama dato, samþykkja, að kirkjan á Hjaltabakka í Húnavatnsprófastsdæmi verið lögð niður sem kirkja, en ný kirkja fyrir sóknina reist á verzlunarstaðnum Blönduósi, þó þannig, að kirkjugarðurinn verði eptirleiðis eins og til þessa á Hjaltabakka, og að hin gamla kirkja sje látin standa þar sem líkhús, og henni sje haldið við í sómasamlegu ástandi af söfnuðinum.

12

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli

1. febr.

til húsabygginga. (Ágrip). — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi leyfi til þess að tekjur Skinnastadaprestakalls væru veðbundnar fyrir láni, að upphæð 1100 kr., er endurgreiðist ásamt vöxtum með 6% á ári í 28 ár, til húsabóta á prestssetrinu, sumpart til að borga með baðstofuhús, 13½ al. á lengd og 6 ál. á breidd, sem þegar hefir verið byggt þar, sumpart til að byggja framhús 14 ál. á lengd og 6 ál. á breidd, búr 8 ál. á lengd og 5 ál. á breidd, svo og fjós og heyhlöðu. Lántökuleyfið er bundið þeim skilyrðum að hin síðast töldu 4 hús verði gjörð á yfirstandandi ári; að húsin verði að öllu traust og vönduð, eptir því sem bezt gjörast byggingar þar í sveit; að presturinn váttryggi húsin gegn eldsvoða og haldi þeim í tryggingu; að húsin verði eign prestakallsins og presturinn haldi þeim vel við, svo að hann eða bú hans svari húsunum á sínum tíma í gildu standi, eða með fullu álagi; að helmingurlánsins verði ekki tekinn fyrr en öll húsin eru fullgjörð, og sannað er með löglegri skoðunargjörð og virðingargjörð undir umsjón prófasts, að húsagjörðin sje í alla staði vel af hendi leyst, og loks, að peningauppbót sú, sem brauðið fær nú úr landssjóði, gangi til greiðslu afborgana og vaxta af láninu.

13

24. febr.

Auglýsing**um póstmál.**

Það auglýsist hjer með almenningi, að með 4. póstferð breytast burtfarardagar þeir, sem *vestanpóstinum* eru gjörðir í áætlun um ferðir landpóstanna 1894, dags. 27. nóv. f. á., frá millistöðvunum milli Ísafjarðar og Hjarðarholts á suðurleið, þannig, að pósti er heimilt að fara frá Vatnsfirði, Arngerðar eyri, Bæ og Brunná degi fyrr en áætlunin greinir í 4.—14. ferð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 24. febrúar 1894.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.